

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. haldinn þriðjudaginn 8. sept. 1992 í Bændahöllinni við Hagatorg.

Mættir voru: Kári Arnórsson, Sigbjörn Björnsson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Jón Bergsson, Sigurður Þórhallsson og síðar mætti Elísabet Þórólfsdóttir.

Ingimar Ingimarsson var mættur.

1. Reikningar L.H. fyrir árið 1991 lágu frammi og gerði Kári stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum. Hagnaður af rekstri er kr. 350.124.- og niðurstöðutölur á efnahagsreikningi kr. 4.115.767. Óráðstafað eigið fé er kr. 2.795.690.- Umræður urðu um hlut HÍS í daglegum rekstri en skv. samningi á HÍS að greiða 1/3 þess kostnaðar. HÍS hefur verið á eftir áætlun með bessar greiðslur. Kári lýsti því að þunglega horfði með áframhaldandi styrkveitingar frá hinu opinbera til starfsemi L.H. Þótt líklega fengist styrkur fyrir árið 1992 líkt og áður. Stjórn L.H. fjallaði um reikninga L.H. og samþykkti þá.

2. Málefni næsta ársþings.

Eins og áður hefur komið fram í fundargerð þá verða reið- vegamál og ferðalög á hestum aðalmál næsta ársþings. Fundarmenn töldu æskilegt að fá til framsögu einn mann úr röðum hestamanna og e.t.v. formann samgöngunefndar eða einhvern úr þeirri nefnd. Nauðsynlegt var einnig talið að gefa fulltrúa Vegagerðar kost á að tjá sig og gera grein fyrir afstöðu þar innan veggja til þessa mál- efnis.

Ákveðið var að stefna að pallborðsumræðum um bessi mál og brjóta þannig upp það form sem tíðkast hefur upp á síðkastið. Fram kom ábending frá Halldóri Gunnarssyni um að stjórn L.H. eða ársþing kynni betta málefni á vettvangi sveitastjórn og héraðsnefnda.

3. Störf nefnda.

Sigurður Þórhallsson greindi frá starfsnefndum en í mörgum tilfellum er starfssvið þessara nefnda umfangsmikið og tími til starfa oft full skammur. Ljóst er að nefndir verða að skila af sér í þessum mánuði og var framkvæmdastjóri hvattur til að ýta á eftir því að það gerist.

4. Eskulýðsmót FEIF.

Kári greindi frá þessu móti sem bótti takast einstaklega vel. Talsverður kostnaður hlaust af þessu en styrkur upp á kr. 350.000 fékkst frá Framleiðnisjóði upp í þennan kostnað. Fram kom sérstakt þakklæti til handa Sigurði framkvæmdastjóra fyrir vel unnin störf í þessu sambandi.

5. Hraunréttin á Skógarhólum.

Unnið hefur verið að endurgerð réttarinnar í sumar og var við það verk Tryggvi Hansen hleðslumeistari. Verki þessu er ekki full lokið. Unnið er að því að finna leið til fjármögnumar á þessu verki, sem kostaði tölувert.

6. Erindi mótsstjórnar Vindheimamela.

Kári las upp bréf frá stjórn hestamannafélagsins Stíganda í Skagafirði, þar sem gerð er grein fyrir því sérstaka tilviki er hross Skólabúsins á Hólum voru skráð til keppni í gæðingakeppni á Vindheimamelum um verslunarmannahelgi s.l. sumar.

Stjórn Vindheimamela s.f. tók pá ákvörðun í þessu máli sbr. reglugerð L.H. um rétt til pátttöku í gæðingakeppni 1. kafli 1.gr., að vísa hrossum Hólabúsins frá keppni. Í umræddu bréfi fer stjórn Stíganda þess á leit við stjórn L.H. "að hún taki mál þetta fyrir og gefi félagini upp álit um það hvort gerðir stjórnar Vindheimamela gagnvart pátttöku hrossana frá Hólum hafi verið réttar eða rangar" eins og segir í áðurnefndu bréfi. Þá er einnig farið fram á að stjórn L.H. fjalli um það hvort og þá hvernig koma megi málínu svo fyrir að þessir hlutir endurtaki sig ekki. Það var samhljóma álit fundarmanna að ákvörðun Vindheimamelastjórnar hafi verið rétt og í samræmi við reglur L.H. um gæðingakeppni.

Stjórn L.H. sér heldur ekki ástæðu til, að svo komnu máli, að breyta reglum L.H. um félagsaðild.

7. Aðalfundur FEIF 1992.

Aðalfundur FEIF verður haldinn 12. sept. n.k. í Sviss. Fulltrúar Íslands á fundinum verða Kári Arnórsson formaður L.H. og Pétur Jökull Hákonarson formaður HÍS. Eitt af aðalmálefnum fundarins verður World cup keppni, sem er ný af nálinni innan FEIF. Fundur í FEIF nefndinni íslensku var haldinn nýlega til að undirbúa pátttöku og málefni Íslands á aðalfundinum í Sviss.

8. Önnur mál.

Formaður L.H. gerði grein fyrir því að hann hefði sagt upp samningi um blaðið Hesturinn okkar, sem gerður var 1990 um útgáfuna við Gunnar Gunnarsson Reykjavík. Í bréfi sem sent var G.G. dags. 1. júlí 1992 kemur fram að samningnum sé sagt upp með eðlilegum fyrirvara og óskað endurskoðunar á honum. Nokkrar umræður urðu um útgáfuna m.a. hvort L.H. ætti að taka hana í sínar hendur aftur. Ýmsum spurningum þarf að svara er tengist þessari blaðaútgáfu m.a. fjárhagshlið þessa máls.

Á næsta fundi stjórnar verða málefni Hestsins okkar tekin upp að nýju til að móta stefnuna næstu misseri.

Skrifstofa L.H. mun nota tímann milli funda til að afla upplýsinga um rekstur blaðsins undanfarið ár.

Fleira rætt en ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson,
Sigfús Guðmundsson
Guðmundur Jónsson
Jón Bergsson

Kári Arnórsson
Sigbjörn Björnsson
Elísabet Þ. Þórólfssd.